

Útdráttur

Markmið verkefnisins er að setja fram drög að heildstæðri stefnumótun í málefnum eldri starfsmanna hjá Reykjavíkurborg með tillögum að raunhæfum aðgerðum. Aðaláherslan er á starfsmenn 60 ára og eldri. Markmiðið er að setja fram hugmyndir sem annars vegar geta skapað forsendur fyrir því að starfsmenn sem nú eru í starfi, geti og vilji starfa lengur en ella. Hins vegar að skapa aðstæður á vinnustöðum borgarinnar sem laða að eldri starfsmenn vegna góðs aðbúnaðar, vinnufyrirkomulags eða kjara. Leitast er við að finna leiðir fyrir Reykjavíkurborg til að byggja upp aðlaðandi vinnustað.

Gerð var eigindleg rannsókn þar sem tekin voru viðtöl við 25 manns í 20 viðtölum. Tekin voru viðtöl við alla starfsmannastjóra borgarinnar, nokkra fyrrum starfsmannastjóra og aðra borgarstarfsmenn, fulltrúa þriggja stærstu stéttarfélaganna og fulltrúa félaga eldri borgara. Leitast var við að fá þeirra sýn á málefni eldri starfsmanna hjá borginni og fá með þeim hætti raunhæfa sýn á stöðu starfsmannamála hjá borginni, hvað vel sé gert og hvað megi betur fara.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru settar fram sem drög að stefnumótun í málefnum eldri starfsmanna hjá borginni og gerðar tillögur að aðgerðaráætlun fyrir borgina. Tillögurnar lúta að því að auka sveigjanleika, með því að beita sértækum starfsmannasamtölum þar sem þarfir beggja aðila eru greindar. Einnig að bjóða breytingu á störfum, fjölga hlutastörfum, bjóða upp á árstíðabundin störf, íhlaupastörf og verkefnavinnu auk þess að bjóða breytingu á ábyrgð og aðstoða við þær breytingar. Sveigjanleikinn lýtur einnig að því að auka flæði milli sviða borgarinnar, auðvelda starfslok og auðvelda undanþágur til starfa vegna aldurs. Lagt er til að sérstakur verkefnastjóri fari með málefni eldri starfsmanna fyrir öll svið borgarinnar og hefði umsjón með málaflokknum í samvinnu við sviðin. Einnig er lagt til að fræðsla eldri starfsmanna verði miðlæg hjá borginni. Efla þarf stjórnendabjálfun þar sem stjórnendur gegna lykilhlutverki í því hvernig staðið er að starfslokum starfsmanna. Þá er mælt með því að eldri starfsmenn eigi kost á auknum réttindum þegar ákveðnum lífaldri og starfsaldri er náð. Auk þess er mælt með að borgin fari í auglýsingaherferð og að sköpuð sé sú ímynd af borginni að hún sé einn fjölbreyttur vinnustaður sem eftirsóknarvert þykir að starfa á.